

Nefndarálit

um frv. til l. um pósthjónustu.

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Komið hefur fram mikil gagnrýni á framkvæmd pósthjónustunnar í landinu síðan hún var hlutafélagavædd og fyrirtækið Íslandspóstur hf. stofnað. Fréttir um lokun pósthúsa og niðurskurð hjónustu vítt og breitt um landið hafa verið reglulega í fjölmiðlum. Þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa ítrekað tekið málefni pósthjónustunnar til umræðu á Alþingi og mótmælt skerðingu á hjónustu, lokun pósthúsa og uppsögnum starfsfólks.

Almenningur víða um land sem hefur mátt þola lokanir á pósthúsum sínum hefur sent mótmælalibréf til Íslandspósts og samgönguráðherra en ekki fengið nein svör.

Í ársbyrjun 2001 hafði starfsemi á pósthúsum á landsbyggðinni dregist saman og var þá um 60% af því sem hún var 1999. Bókhalð og stjórnun sem var 15% úti á landi 1999 var í ársbyrjun 2001 einungis 3%.

Þetta lagafrumvarp felur ekki í sér breytingar sem snúa þessari stefnu og þróun við. Með því er frekar opnað fyrir auknar lagalegar heimildir til viðtækari einkavæðingar en áður var og samdráttar í pósthjónustu. Sérstaklega á þetta við um þá hjónustu sem pósthúsin hafa veitt um áratugi.

Íslandspóstur hf. hefur nú framselt til óviðkomandi aðila stóran hluta af þeirri pósthjónustu sem snýr að neytendum, einkum hvað viðvíkur móttöku og afhendingu pósts. Ráðning á pósthjónustufólki og aðbúnaður er ekki lengur á beinni ábyrgð Íslandspósts og rekstrar- og hjónustuskilmálar eru nú skilgreindir sem viðskiptaleyndarmál sem bæði þingmönnum og almenningi er neitað um aðgengi að. Í þessu lagafrumvarpi hefðu þurft að vera ákvæði sem tækju á þessari tegund einkavæðingar pósthjónustunnar úr því að hún á að viðgangast. Marka hefði þurft skýrari reglur um skyldur, fagþekkingu, aðbúnað og hjónustustig. Kveða þyrfti á um að þær reglur væru opnar almenningi til upplýsingar og eftirlits. Hér er verið að fjalla um trúnaðarmál og persónulegar sendingar fólks en ekki almenna vörusölu og því á neytandinn, almenningur, eigandi sendingarinnar, rétt á fullu aðgengi að öllum þáttum sem snúa að þessari hjónustu og framkvæmd hennar. Mikið skortir á að svo sé.

Póst- og fjarskiptastofnun báðum megin við borðið.

Póst- og fjarskiptastofnun er falið fjölþætt hlutverk í póstmálum. Hún er einn aðalhöfundur lagafrumvarpsins. Hún hefur eftirlit með framkvæmd laganna. Hún veitir leyfi fyrir starfrækslu pósthjónustu. Hún skilgreinir gæða- og hjónustukröfur til pósthjónustunnar og annast eftirlit með því að þeim kröfum sé framfylgt. Sé í einhverju ábótavant gerir Póst- og fjarskiptastofnun athugasemdir og beitir viðurlögum. Jafnframt hefur stofnunin það hlutverk að sannreyna þörf og samþykka breytingar á gjaldskrá og sömuleiðis kröfur um framlag jöfnunargjalds. Póst- og fjarskiptastofnun heyrir beint undir samgönguráðherra, svo og pósthjónustan sjálf. Gefur auga leið að mikil hætta er á að þegar ein og sama stofnun fer með öll þessi

hlutverk geti hagsmunir og sjónarmið skarast. Ábyrgð hennar og afskipti geta auðveldlega orðið ótrúverðug af þeim sökum. Ekki auðveldar það eftirlitið þegar þjónustuskyldur sem inna ber af hendi eru allt í einu orðnar viðskiptaleyndarmál, sbr. bréfaskipti þingflokks Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Íslandspósts hf. (Sjá fylgiskjal II með nefndar-álitinu.)

Í gildandi lögum um pósthjónustu og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun eru ákvæði um að setja skuli skilgreindar gæðakröfur um pósthjónustu og einnig er kveðið á um eftirlitsskyldu Póst- og fjarskiptastofnunar. Að mati minni hlutans hefði stofnunin getað fylgt eftirlitsskyldu sinni mun betur eftir í þeim miklu breytingum sem orðið hafa á pósthjónustunni síðustu missirin. Hin mikla gagnrýni neytenda á pósthjónustuna hefði átt að gefa fullt tilefni til þess. Það er kostur við lagafrumvarpið að Póst- og fjarskiptastofnun fær auknar heimildir til eftirlits og aðgerða, en hætt er við að erfitt reynist að hækka þjónustustigið á ný þar sem þjónustan hefur þegar verið skorin niður.

Orðskýringar og nýyrðasmíð.

Ekki fengust upplýsingar um hvort ráðuneytið hefði leitað til Íslenskar málnefndar eða annarra opinberra málfarsaðila um leiðsögn í nýyrðasmíð í frumvarpinu en mikilvægt er að ekki séu lögfestar nýjar orðskýringar eða nýyrði án þess að það sé samræmt annarri slíkri vinnu og almennri málvitund. Sem dæmi má nefna nýyrðið *alþjónusta* sem er í lagafrumvarpinu skilgreint sem sú „pósthjónusta sem landsmenn skulu eiga aðgang að á jafnræðisgrundvelli“. Að álitinu minni hlutans er það ófullnægjandi skilgreining. Orðið *alþjónusta* felur í sér alla þjónustu sem í boði er en ekki einhverja afmarkaða lágmarkspjónustu. Betra væri að nota hér orðið *grunnpósthjónusta* og er lögð fram breytingartillaga þess efnis. Nefna má fleiri dæmi um óskýra eða brenglaða hugtakanotkun í frumvarpinu.

Minni hlutinn vill vekja athygli á að orðið *pósthús* er hvergi nefnt í frumvarpinu og því síður skilgreining á því hvaða þjónusta skuli fara þar fram. Er það mjög sérstakt að samin skuli heildarlög um pósthjónustu án þess að orðið pósthús komi þar fyrir. Er það ef til vill dæmigert fyrir þá niðurlægingu sem þessi almannapjónusta hefur mátt þola á síðustu missirum af hálfu stjórnvalda.

Er verið að fara fram á aukna lagaheimild til að skera niður þjónustu?

Í 6. gr. sem fjallar um alþjónustu segir að „öllum notendum sem búa við sambærilegar aðstæður sé boðin eins þjónusta“. Þessi liður kveður á um að flokka eigi Íslendinga „eftir aðstæðum“ og þjónusta þá eftir því. Vissulega geta verið einstök tilvik þar sem ekki er hægt að veita þjónustu á algildan hátt en það á að vera undantekning en ekki samkvæmt flokkun í lögum. Orðin „sem búa við sambærilegar aðstæður“ ættu því að falla brott og er lagt til að svo verði. Pósthjónustu á að veita öllum landsmönnum, þjónustu á jafnræðisgrunni, og mikilvægt að lögum taki af öll tvímæli um að svo skuli gert.

Eðlilegt hefði verið að þjónustustig á pósthúsum vítt og breitt um landið hefði verið skilgreint í lögum. Þá hefðu löggin enn fremur átt að fjalla um tollpósthjónustu og kveða skýrt á um að slík þjónusta væri skilgreindur hluti af almennri starfsemi pósthúsa. En öll sú starfsemi er að langmestu leyti orðin miðlæg í Reykjavík og afgreiðsla slíkra sendinga orðin þunglamalegri og seinvirkari en áður var, einkum úti á landi.

Í frumvarpinu er stöðugt vísað til að í reglugerð verði nánar kveðið á um allar skilgreiningar á pósthjónustu, gæðakröfur og þjónustustig. Í ljósi mikillar gagnrýni á pósthjónustuna í landnu á síðustu mánuðum og árum hefði verið æskilegt að drög að reglugerð hefðu fylgt

frumvarpinu til nefndarinnar. Í kjölfar hlutfélagavæðingar Póstsins og aukinnar einkavæðingar einstakra þátta þjónustunnar hefur pósthúsum verið lokað unnvörpum hringinn í kringum landið og þjónusta við íbúana til bæjar og sveita verið skert. Þeirri lágmarksþjónustu sem eftir er hefur verið komið fyrir í nærliggjandi verslun eða banka.

Póstþjónusta sem hluti fjölþættrar opinberrar almannaþjónustu.

Í frumvarpinu hefðu einnig átt að vera ákvæði sem tækju til þess að póstflutninga mætti skipuleggja sem þátt í samræmdum almenningsamgöngum hvort sem væri í lofti, láði og á legi. Að slíta póstflutningana frá annarri slíkri almannaþjónustu hefur þegar orðið til óbætans tjóns fyrir almenningsamgöngur í landinu og bitnar það harðast á íbúum hinna dreifðu byggða. Áætlunarferðir sem áður nutu stuðnings póstflutninganna hafa víða lagst af eða berjast í bökkum. Því hefðu póstflutningar átt að vera hluti af hinni samræmdu opinberu samgönguáætlun og lögin um póstþjónustu hefðu átt að kveða á um að svo skyldi verða.

Lokaorð.

„Hvar er pósthúsið mitt?“, verður spurning almennings á næstu árum.

Tekið er undir lokaorð í umsögn Póstmannafélagsins um frumvarpið: „Félagið hefur af því áhyggjur að verði frumvarp það sem hér um ræðir að lögum í óbreyttri mynd mun það enn þrengja að rekstrarstöðu fyrirtækisins og greiðslustöðu þess. Nú þegar hefur fyrirtækið framkvæmt ýmsar aðhaldsaðgerðir sem þýtt hefur niðurlagningu starfa og atvinnumissi fyrir félagsmenn, einkum á landsbyggðinni. Frumvarpsdrögin gefa á engan hátt til kynna að þeirri þróun verði snúið við.“

Alþingi, 19. febr. 2002.

Jón Bjarnason.

Fylgiskjal I.

Bréf sveitarfélagsins Skagafjarðar til Póst- og fjarskiptastofnunar.
(14. mars 2001.)

Málafni: Ósk um úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar.

Á fundi Byggðarráðs Skagafjarðar þann 9. mars s.l. var lagt fram bréf frá Sigríði Sigurðardóttur, safnverði í Byggðasafninu í Glaumbæ, dags. 6. mars 2001, varðandi pósthjónustuna í Varmahlíð.

Byggðarráð samþykkti að óska eftir því við Póst- og fjarskiptastofnun að stofnunin úrskurði hvort breyting sú sem orðið hefur á póstafrgreiðslu í Varmahlíð og á Hofsósi samrýmist lögum og reglum sem varða pósthjónustu í landinu.

Var þessi afgreiðsla byggðarráðs staðfest á fundi Sveitarstjórnar Skagafjarðar þann 13. þessa mánaðar.

Umræddri ósk er hér með komið á framfæri. Meðfylgjandi er einnig ljósrit af bréfi Sigríðar Sigurðardóttur.

Virðingarfyllst,

Snorri Björn Sigurðsson sveitarstjóri.

Bréf Póst- og fjarskiptastofnunar til sveitarfélagsins Skagafjarðar.
(2. maí 2001.)

Efni : Ósk um úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar

Vísað er bréf yðar dags. 14. mars 2001 þar sem farið er fram á að Póst- og fjarskiptastofnun "úrskurði" um hvort sú breyting sem orðið hefur á póstafrgreiðslu í Varmahlíð og á Hofsósi samræmist lögum og reglum sem varða pósthjónustu á landinu. En erindi þetta var tilkomið vegna bréfs Sigríðar Sigurðardóttur, safnvörðs í Byggðasafninu í Glaumbæ sem fylgdi með bréfi yðar.

Af þessu tilefni vill stofnunin upplýsa yður um að nú stendur yfir heildarúttekt á þeim pósthúsum út á landi þar sem afgreiðslufyrirkomulagi hefur verið breitt m.a. vegna samninga við fyrirtæki um rekstur þeirra. Auk þess sem unnið er að setningu reglna sem taka munu m.a. á atriðum eins og hvernig og hvar afgreiðslustaðir eiga að vera, póstleynd, öryggismálum og aðgengis almennings að þjónustunni o.fl.

Stefnt er að, að úttektinni verði lokið í september n.k. og verður þá samin skýrsla. Þykir stofnuninni eðlilegast að úttekt á ofangreindum stöðum verði hluti af þessari skýrslu en að þeir verði ekki teknir út sérstaklega.

Póst- og fjarskiptastofnun telur rétt að það komi fram að lagastoð fyrirsetningu reglna um staðsetningu og fyrirkomulag póstafrgreiðslna er ekki að finna í gildandi lögum um pósthjónustu en stefnt er að því að stofnunin fái slíka heimild í nýjum lögum.

Beðist er velvirðingar á hvað dregist hefur að svara erindi yðar.

Virðingarfyllst,

Friðrik Pétursson.

Bréf til sveitarstjórnar Skagafjarðar frá Byggðasafni Skagfirðinga,
(6. mars 2001.)

Póstþjónustan í Varmahlíð

Tilfni bréfs þessa er að óska eftir að sveitarstjórn kalli eftir skoðun Póst- og fjarskiptastofnunar á aðstöðu í póstafréiðslu Íslandspósts í útibúi Kaupfélags Skagfirðinga í Varmahlíð.


Ástæðan er fyrst og fremst sú að svo virðist sem póstinum sé ekki lengur skapað það öryggi sem ætla má að eigi að vera á pósthólfustöðum. Öll pósthólf, hvort sem þau eru fyrir notendur á póstsveðinu eða útflokkunarhólf fyrir póst sem er að fara frá útibúinu eru opin inn í sjoppu og grill, auk þess em pakkar eru geymdir á lager kaupfélagsins. Starfsmenn kaupfélagsútibúsins eru ekki eiðsvarnir til pósthólfustöðu, en hugsanlega eru þeir að fá nýjar starfslýsingar einmitt þessa dagana, sem gefur ábyrgð þeirra á póstinum til kynna. Fleira mætti telja.

Til að tryggja póst Byggðasafnsins, sem kostur var, hafði safnið pósthólf í Pósthúsinu í Varmahlíð í stað þess að hafa póskassa við bílastæði safnsins, þar sem tugþúsundir gesta ganga um árlega. Vegna aðstæðna í útibúi Kaupfélagsins í Varmahlíð hefi ég valið þann kostinn að taka póskassa fyrir safnpóstinn og afþakka pósthólf.

Samkvæmt Lögum um pósthjónustu nr. 142 frá 27. des. 1996 er ástæða til að skoða hvernig skilyrðum 13. greinar laganna er fullnægt og hvort ekki er ástæða til að kynna fyrir fólki viðskiptaskilmála um grunnpósthjónustu skv. 18. gr. laganna. Ástæða er einnig til að vekja athygli á ákvæðum um pósthjónu sbr. 32. gr. vegna þess sem hér hefur verið sagt um störf við pósthjónustu.

Háværar raddir eru um að pósthjónustan í Varmahlíð (og einnig á Hofsósi) uppfylli ekki lög og reglur og þær raddir munu angra starfsfólk kaupfélagsins að ósekju og valda tortryggni í garð pósthjónustunnar, á meðan Póst- og fjarskiptastofnun er ekki kölluð til úttektar, sem ég óska hér með að verði gert.

Virðingarfyllt,



Sigríður Sigurðardóttir

Fylgiskjal II.

Bréf Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs til forstjóra Íslandspósts.
(6. mars 2001.)

Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs óskar hér með eftir því að fá í hendur afrit af samningum sem Íslandspóstur hf hefur gert við sjálfstæða rekstraraðila um starfrækslu pósthjónustunnar á landsbyggðinni.

Með kveðju
f.h. þingflokks Vinstrihreyfingarinnar- græns framboðs




Svanhildur Kaaber
framkvæmdastjóri

Bréf frá Íslandspósti hf.
(26. mars 2001.)

**Ágæti framkvæmdastjóri Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs.
Svanhildur Kaaber**

Íslandspóstur hf. mun ekki afhenda samninga er varða viðskiptahagsmuni
fyrirtækisins nema til þeirra opinberu aðila sem fara með eftirlitsskyldur gagnvart
fyrirtækinu s.s. Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun.

Virðingarfyllst 26.mars 2001


Einar Þorsteinsson
forstjóri